

STJÓRNARTÍÐINDI A 7 – 1991

2. apríl 1991

309

Nr. 50

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 2. apríl 1991.

F. h. r.

Guðmundur Benediktsson.

11. apríl 1991

Nr. 51

AUGLÝSING

**um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979,
fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.**

Forseti Íslands féllst hinn 10. þ.m. á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

Á eftir 95. gr. komi ný grein, 95a, sem orðast svo:

Deildin skiptist í eftirtaldir skorir: Íslenskuskor, sagnfræðiskor, heimspekiskor, bókmenntafræði- og málvísindaskor, enskuskor, skor þýsku og Norðurlandamála, skor rómanskra og slavneskra mála, skor íslensku fyrir erlenda stúdenta.

Kennslugreinar deildarinnar skiptast milli skora og sker deildarráð úr um þá skiptingu. Hver skor fer í umboði deildarráðs með málefni kennslugreina sinna, ákveður námsefni og tilhögun kennslu og prófa, ákveður skiptingu kennslu milli einstakra kennara í skor og gerir tillögur til deildarráðs um ráðningu stundakennara, svo og um nauðsynlegar fjárveitingar og nýjar stöður.

Formaður skorar og formenn greina hafa eftirlit með ráðstöfun á fjárveitingum skorarinnar og ráða stundakennara. Þeir fylgjast með starfi námsnefnda, kennsluháttum, ráðstöfun fjárveitinga og öðru sem varðar kennslu og stjórnun í skorinni.

Á skorafundi eiga sæti prófessorar, dósentar, lektorar og aðjúnktar í kennslugreinum skorar og enn fremur tveir fulltrúar stúdenta í skor þar sem tala annarra, sem rétt hafa til fundarsetu með atkvæðisrétt, er átta eða færri og síðan einn fulltrúi stúdenta fyrir hverja fimm til viðbótar. Fulltrúar stúdenta skulu kjörnir ár hvert af félagssamtökum þeirra, og taka þeir sæti á skorafundum við upphaf næsta háskólaárs. Enginn getur átt sæti í tveimur skorum. Deildarráð ákveður, í hvaða skor kennari á sæti. Formaður skorar getur með samþykki hennar boðið öðrum kennurum í kennslugreinum skorarinnar fundarsetu um skeið án